

86. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 5. nóvember 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Sesselja Kristinsdóttir, fulltrúi kennara, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Steinunn Helgadóttir, foreldraráði GSS, Bjarndís Emilsdóttir, foreldraráði leikskóla og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

1.1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

- Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2008 er hafinn. Bæjarráð heimsótti stjórnendur skólans um daginn og þá var farið yfir fjárhagsmálin.
- Danskennslu við skólann er lokið. Dansskóli Jóns Péturs og Köru sá um kennsluna. Sýning verður á morgun kl. 12.
- Grænfáninn. Sesselja ber ábyrgð á þessu verkefni í ár og greindi hún frá stöðu mála. Búið er að vera vandræði með fánann vegna veðurs, en fáninn hangir uppi núna. Í vetur á taka fyrir verkefnið hvernig spara á orku í 1. – 4. bekk. Grænn vörður (bangsi) fer á milli stofa og fylgist með börnunum hvernig og hvort þau séu að standa sig í þessu verkefni.
- Haustannarpróf/námsmat. Skv. skóladagatali eru fráteknir námsmatsdagar í næstu viku og eru það þriðjudagur og miðvikudagur sem urðu fyrir valinu. Þetta á við 5.–10. bekk. Börnin gætu því þurft að taka fleira en eitt próf sama daginn eða vinna verkefni.
- Starfdagur verður mánudaginn 19. nóvember.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður spurði hvort danssýningin þyrfti ekki meira tíma en 40 mín. Skólastjóri grunnskóla svaraði fyrirspurninni að sýningin ætti ekki að taka lengur en 40 mín.

Formaður spurði Sesselju nánar út í starf umhverfisráðs. Sesselja svaraði fyrirspurninni. Umhverfisráð er hópur sem markar stefnuna í sambandi við grænfánavinnuna.

Formaður spurði hvort verkefnið hvernig spara á orku yrði skoðað eitthvað heima eða eingöngu í skóla. Sesselja sagði að það væri nær eingöngu gert í skólanum.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra

Fyrirspurn kom fram um hver hefði gert við grænfánann. Sesselja svaraði fyrirspurninni, hún gerði sjálf við fánann.

1.2.Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- Fundur með bæjarráði vegna fjárhagsáætlunar var um daginn á leikskólanum. Farið var yfir stöðu síðasta árs og áætlun þess næsta.
- Dansskóli Jóns Péturs og Köru er búinn að vera með námskeið fyrir tvo elstu árgangana, því líkur á morgun með opnum tíma, kl. 13:30, þar sem foreldrar eru velkomnir.
- Ömmu og afadagur var haldinn á leikskólanum föstudaginn 2. nóvember og var mjög vel heppnaður. Myndir frá deginum má finna á heimasíðu leikskólans (<http://www.stykk.is/leikskoli/>).
- Hljóm tvö prófum er lokið og eru börnin hér í góðu meðallagi á landsvísu. Það er mjög ánægjulegt.
- Ásta talmeinafræðingur var á leikskólanum föstudaginn 19. október. Hún sinnti 10 börnum.
- Ari Bergsteinsson sálfræðingur var á leikskólanum miðvikudaginn 24. október. Það voru tveir sem nýttu sér það.
- Anna Leoniak, ljósmyndari hringdi í Sigrúnu og bað um að fá að koma í heimsókn á leikskólann og taka mynd af börnunum að leik. Þetta verkefni hennar er í tengslum við listahátíð í Reykjavík sem verður næsta sumar. Með þessu vill hún undirstrika mikilvægi landsbyggðarinnar. Hún ætlar sér síðan að klæða eitt hús með ljósmyndum sínum.

Formaður þakkaði skólastjóra fyrir skýrsluna.

Formaður spurði nánar út í græn innkaup hjá leikskólanum. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni. Leikskólinn kaupir inn í eins stóru magni og þau geta, ekki farin að versla lífrænt ennþá.

Formaður spurði út í ráðstefnu Barnaheilla sem skólastjóra leikskóla sat fyrir skömmu sem bar yfirskriftina: NÝ TÆKNI – SAMA SAGAN kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni og gerði nánar grein fyrir dagskrár þessarar ráðstefnu.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn kom fram um hvað hljóm tvö er. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni. Hljóm 2, er könnun á hljóðkerfisvitund barna og gefur vísbendingar um þau börn sem kunna að eiga við lestrarerfiðleika að stríða.

Skólastjóri grunnskóla ræddi nánar um danskennsluna og vildi að hann og skólastjóri leikskóla mundu setjast niður tímalega og ræða danskennslu fyrir næsta ár. Afar mikilvægt að hún detti ekki niður.

Formaður þakkaði skólastjóra leikskóla fyrir ömmu og afa dagana.

2. Skólastefna Stykkishólmsbæjar

- Formaður er kominn með í hendur drög að skólastefnu Tónlistarskólans.
- Formaður fór í gegnum nokkra punkta sem tengjast skólastefnu skólanna.

Formaður gaf orðið laust.

Skólastjóri grunnskóla greindi frá því að vinna og undirbúningur um skólastefnuna er í höndum stjórnenda.

Skólastefumálin voru rædd nánar.

3. Önnur mál.

Önnur mál voru engin.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.28.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari (sign).